

Ágrip

Í þessari rannsókn verður fjallað um mun á íþróttafréttaumfjöllun milli íþróttagreina í dagblöðum á Íslandi árið 2006. Tvö mest lesnu dagblöðin á þessu tímabili voru tekin fyrir, þ.e.a.s. Morgunblaðið og Fréttablaðið. Allar íþróttafréttir dagblaðanna voru mældar í dálksentímetrum frá 1. janúar 2006 – 31. desember 2006.

Það hefur verið mikið í umræðunni síðustu ár að íþróttafréttum dagblaðanna séu ekki gerð nógu góð skil. Fjölmennustu íþróttagreinar taka allt pláss í fjölmiðlunum og aðrar umfangsminni greinar hverfa í samanburði. Tilgangur rannsóknarinnar var því sá að sýna fram á hversu mikill munur er á umfjöllun milli íþróttagreina og skoða þróun síðari ára.

Megin niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að knattspyrna þekur rúmlega 53% íþróttafréttaumfjöllunar á Íslandi í dag, þar á eftir kemur handknattleikur með rúm 27%, körfuknattleikur með tæplega 8% og golf með rúmlega 5%. Þetta er ekki í samhengi við fjölda þeirra sem iðka íþróttagreinar sjálfar og misvægið á milli umfjöllunar íþróttagreina og fjölda iðkenda er mikið.

Þessi rannsókn er marktækari en þær sem áður hafa verið gerðar á sama efni á Íslandi þar sem hún nær yfir heilt ár og þar með öll tímabil íþróttagreina. Niðurstöðurnar er því hægt að nota til þess að styrkja fræðigrunn íþróttarannsókna á Íslandi. Hægt er að nota hana í samanburði við aðrar rannsóknir sem gerðar verða í framtíðinni, einnig gætu íþróttafréttamenn nýtt sér niðurstöðurnar til þess að bæta stöðu íþróttafréttu í dagblöðum á Íslandi.